

neytisins nr. 195 2. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 118, 14. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 119.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 31 280.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|--------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 1 032.00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | — 2 315.00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | — 4 629.00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-
álestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka
gjaldkögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma
hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það
gjald kr. 2 159.00.

6. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikn-
ingsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða
hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu
greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Heimæðargjald
Allt að 400	330 470.00 kr.
400— 2000	330 470.00 — fyrir 400 m ³ + 265.00 kr./m ³ þar yfir
2000— 6000	754 470.00 — — 2000 — + 225.00 — —
6000—10000	1 654 470.00 — — 6000 — + 198.00 — —
Meira en 10000	2 446 470.00 — — 10000 — + 174.00 — —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum
frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 39 675.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða
hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama
hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við
hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar
með oliukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er
heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjaldldaga. Í slíkum
samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð við-
skiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatns-
rennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað
af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 4 285.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum
hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 190 30. apríl 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 65 8. febrúar 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandahrepps.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur og Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandahrepps selja raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 120.65 hver kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 47.20 hver kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 523.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 174.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 30.17 hver kwst.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 67.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 12 030.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 52.90 hver kwst.
3. Um mæli á kr. 31 350.00 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 10.00 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 431.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h. en kr. 173.20 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 287.40 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 7.32 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.-mæli á kr. 3.63 hver kwst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kwst.-mæli á kr. 12.75 hver kwst. á rofs.